

Október 2017

Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskóla- kennara

á niðurstöðum í lokaskýrslum
sveitarfélaga og umbótaáætlunum
grunnskóla vegna úrvinnslu bókunar
1 með kjarasamningi aðila



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hluti I: Niðurstöður	4
Innra starf	4
Stoðþjónusta	7
Nám og kennsla	8
Tækni og gögn	8
Starfsþróun og símenntun.....	9
Húsnæði og vinnuaðstaða	9
Annað	10
Hluti II: Samantekt.....	11

Inngangur

Með kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, sem undirritaður var 31. nóvember 2016, fylgdi eftirfarandi bókun 1:

Í kjarasamningum 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinganna hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því verði hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmið slíkrar vinnu er að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Beina skal sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og léttu álagi af kennurum þar sem við á. Verkefnið skal unnið á samningstímanum í samræmi við vegvísi að aðgerðaráætlun sem samstarfsnefnd aðila mun leggja fram í janúar 2017. Samstarfsnefnd aðila tekur saman niðurstöður þessarar vinnu fyrir lok samningstímans. Samningsaðilar munu gera ríkissáttasemjara grein fyrir framgangi þessarar bókunar þrisvar á samningstímanum; fyrir 20. janúar 2017, fyrir 15. maí 2017 og fyrir 15. september 2017.

Með bókuninni sammæltust samningsaðilar um að skoða þyrfti framkvæmd breytinga á starfsumhverfi grunnskólakennara og innleiðingu vinnumats sem aðilar sömdu um í kjarasamningi árið 2014. Hverju sveitarfélagi var falið að fara yfir framkvæmd vinnumats og breytingar sem orðið hafa á skólastarfi í kjölfar kjarasamningsins. Markmið vinnunnar var að bæta framkvæmd skólastarfs þar sem þörf reyndist á og ná almennari sátt um starfsumhverfi kennara innan ramma kjarasamningsins. Einkum var lögð áhersla á að skoða hvernig ná mætti fram því markmiði kjarasamningsins að kennsla og undirbúningur hafi forgang í störfum kennara og eins hvernig léttu megi álagi af kennurum þar sem þess reyndist þörf. Markmið var að niðurstöður lægju fyrir eigi síðar en við lok samningstíma gildandi kjarasamnings þann 30. nóvember 2017.

Í Vegvísi samstarfsnefndar, frá 12. janúar 2017, var kynnt aðgerðaráætlun sem lögð var til grundvallar og stuðnings vegna vinnu sveitarfélaga við bókun 1. Sveitarfélögin höfðu að öðru leyti nokkuð frjálsar hendur um framkvæmd verkefnisins þar sem fulltrúi/fulltrúar sveitarfélagsins ásamt stjórnendum og fulltrúum kennara í hverjum skóla komu að verkefninu og gagnasöfnun. Lykilatriði við úrvinnsluna var samtalið við kennara og að samráð væri viðhaft um leiðir og aðferðir við framkvæmdina á verkefninu. Fyrirkomulag var almennt með þeim hætti að fulltrúar sveitarfélagsins héldu utan um verkefnið. Þeir komu oft úr fræðslunefnd eða störfum innan sveitarfélags sem daglega eru að sinna fræðslumálum. Í einhverjum tilfellum komu bæjarstjórar að verkefninu og reyndist mikil ánægja með þá ákvörðun meðal kennara í viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarfélag ákvað endanlegan heildarfjölda þeirra fulltrúa kennara sem kom að vinnu við verkefnið. Lágmarksfjöldi fulltrúa kennara í hverjum skóla var þrjár og áttu þeir að endurspegla sem best fjölbreytileika kennarahópsins í hverjum skóla. Sveitarfélögin ásamt stjórnendum og kennurum skrifuðu umbótaáætlun fyrir hvern skóla og sveitarfélögin skiluðu lokaskýrslu sveitarfélagsins til samstarfsnefndar samningsaðila.

Aðferðum sem meðal annars var beitt við gagnaöflun voru rýnihópaviðtöl eða samtöl við alla kennara innan skóla, þjóðfundarfyrirkomulag, óskað skriflegra ábendinga, netkannanir o.fl. Lykilatriði var að samtalið milli fulltrúa sveitarfélags og kennara um stöðuna í viðkomandi skóla og einstaka þætti skólastarfsins væri tryggt í ferlinu. Í einhverjum tilvikum kom upp vandi við að útfæra verkefnið og fengu sveitarfélög þá frekari stuðning frá samstarfsnefnd varðandi það.

Söfnun gagna frá sveitarfélögum gekk almennt vel. Þegar öll gögn höfðu borist og tímafrestur var liðinn átti samstarfsnefnd nokkra vinnufundi og að lokum vinnudag þar sem Hrönn Pétursdótturráðgjafi var fengin til að kortleggja næstu skref með nefndinni. Ákveðið var að fá til liðs við nefndina hlutlausan aðila til að draga fram helstu áherslur úr gögnunum. Birna Sigurjónsdóttir,

fyrirverandi starfsmaður Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sem m.a. vann skýrslu Reykjavíkurborgar um sama efni var fengin í verkið.

Samkvæmt Vegvísi samstarfsnefndar áttu skil á lokaskýrslu sveitarfélags og umbótaáætlunum hvers skóla að berast samstarfsnefnd Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir 1. júní 2017. Nokkur sveitarfélög óskuðu eftir fresti og var almennur skilafrestur framlengdur til 16. júní. Langflest sveitarfélög náðu að standa við upphaflega dagsetningu. Alls skiluðu 139 skólar af um 160 skólum umbótaáætlun eða um 87% skóla og þar af voru 36 skólar í Reykjavík. Lokaskýrslur bárust frá 53 af 74 sveitarfélögum en öll stærstu sveitarfélög landsins skiluðu lokaskýrslum. Mikilvægt er að taka fram að í einhverjum tilvikum eiga sveitarfélög í samstarfi sín á milli vegna reksturs grunnskóla og því eru ekki skólar í öllum 74 sveitarfélögum landsins. Í einhverjum tilvikum var umbótaáætlun og lokaskýrslu skilað sem einu og sama gagninu og í einhverjum skýrslum voru skil á milli óljós.

Í Vegvísi segir um lokaskýrslu samstarfsnefndar: *Samstarfsnefnd aðila tekur saman helstu niðurstöður sveitarfélaga um allt land og birtir fyrir 15. september 2017.* Í Vegvísinum var sveitarfélögum sérstaklega falið að afla gagna og gera grein fyrir eftirfarandi atriðum í lokaskýrslum sínum:

- a. Hvernig tókst framkvæmd vinnumats?
- b. Hvað gekk vel og hvað má betur fara?
- c. Er sátt um starfsumhverfið/vinnuumhverfið?
 - Hvað er gott við starfsumhverfið/vinnuumhverfið og hvað má betur fara?
- d. Hvernig tryggjum við að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni?
- e. Er álag á kennara of mikið?
 - Hverjir eru helstu álagsþættirnir og hvað má gera til að draga úr álagi?

Rétt er að nefna hér að þessari samantekt er ekki ætlað að svara þessum spurningum með beinum hætti enda framsetning sveitarfélaga afar mismunandi og lokaskýrslur þeirra og umbótaáætlanir skóla ólíkar. Samstarfsnefnd lítur svo á að lokaskýrslur sveitarfélaga og umbótaáætlanir þurfi að vera aðgengilegar þeim sem vilja kynna sér betur þá vinnu sem fram fór og þannig skapist betri aðstæður fyrir sveitarfélög, skóla og stjórnendur til að nýta niðurstöður þeirra á landsvísu til að bæta starfsumhverfi grunnskólakennara. Að mati flestra aðila sem að verkefninu komu var samtalið löngu tímabært og mikilvægt til þess að auka sameiginlegan skilning og almennt leita lausna til hagsbóta fyrir skólastarf.

Í lok sumars var ljóst að ekki næðist að birta lokaskýrslu samstarfsnefndar fyrir 15. september. Að höfðu samráði við embætti ríkissáttasemjara var því ákveðið að fresta birtingu skýrslunnar fram til loka októbermánaðar 2017.

Lokaskýrsla samstarfsnefndar og úrvinnsla er byggð á vinnu Birnu Sigurjónsdóttur fyrir Reykjavíkurborg og er Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar þakkað fyrir að veita aðgang að gögnum og leyfa samstarfsnefnd að byggja sína aðferðarfræði og lokaskýrslu á vinnu Reykjavíkurborgar. Þá eru Birnu Sigurjónsdóttur og Hrönn Pétursdóttur þökkuð vinna þeirra við verkefnið.

Hluti I: Niðurstöður

Við greiningu á gögnum sem bárust vegna bókunar 1 var fyrst og fremst horft til þess hvaða efnisatriði og ábendingar voru nefnd og tíðni þeirra. Samstarfsnefndin skipti efnisatriðum upp í sjö efnisflokka út frá umbótaáætlunum 139 skóla og 53 lokaskýrslum sveitarfélaga. Efnisflokkarnir eru: Innra starf skóla, Stoðþjónusta, Nám og kennsla, Tækni og gögn, Starfsþróun, Húsnæði og vinnuumhverfi og Annað. Undir hverjum flokki er fjallað um þau efnisatriði sem þar komu fram. Bent er á að öllum atriðum sem tilgreind voru í hverjum flokki eru gerð skil í töflum sem birtar eru við lok umfjöllunar um hvern efnisþátt. Efnisatriðum er raðað í töflunni eftir því hversu oft þau eru tilgreind. Í efnislegri umfjöllun er þó sérstaklega horft til þeirra atriða sem yfir 30% skóla tilgreina. Í viðauka er samantekt þar sem öll efnisatriði koma fram í einni samfelldri töflu eftir tíðni frá hæsta gildi til þess lægsta.

Innra starf

Eins og sjá má á töflu 1 eru tvö atriði undir flokkuninni Innra starf sem yfir 50% skóla nefna. Hér er annars vegar um að ræða ábendingu frá 60,4% skóla um að skoða þurfi vandlega fundaskipulag og að fundarstjórn þurfi að vera markvissari til að skapa meiri tíma til grunnþátta kennarastarfsins. Í kjölfar vinnuáætlunar og lengingar á viðveru eru vísbendingar um að fundum hafi fjölgað til muna. Kennarar upplifa að margir fundir þjóni ekki tilgangi og séu oft og tíðum mannfrekari en þörf er á. Gagnlegustu fundirnir, að mati kennara, eru ýmsir samstarfsfundir kennara sem vinna þá gjarnan saman í teyllum, árgangi eða á sama aldurstigi. Einnig eru nefndir stigsfundir eða árgangafundir þar sem kennarar hittast og fara yfir skipulag og skiptast á upplýsingum. Í ljósi þess að tími til undirbúnings eða annarra verkefna jókst ekki með samningnum 2014 hefði að mati kennara verið mikilvægt að takmarka fundasetur, fækka þróunarverkefnum og öðrum verkefnum til þess að tryggja það markmið samningsaðila að kennsla og undirbúningur eigi að vera í forgangi. Hjá 51,8% skóla kemur fram að námsmat og skráningar valdi miklu álagi og að ná þurfi utan um þessi atriði til að skapa betra svigrúm fyrir grunnþættina tvo. Fram kemur að mikið álag hefur verið í skólum vegna námsmats sem skólarnir hafa verið að þróa og innleiða.

Atriði sem tengjast samstarfi kennara og stjórnenda vegna vinnuáætlunar eru tilgreind af 41% skóla, þ.e. að samstarfið hefði mátt vera betra og meira samráð um gerð þess. Fram kemur að samstarf milli kennara og skólastjóra hafi ekki gengið sem skyldi þar sem aukin viðvera var m.a. ákveðin einhliða af skólastjóra. Aukin viðvera er að mati kennara ástæðan fyrir fjölgun funda og aukinni skráningu sem hentar ekki því starfi sem fram fer í skólum. Samhljómur var í umræðum um vinnuáætlun í flestum umbótaáætlunum. Fram kom að vinnuáætlun hefði ekki verið innleitt eða að innleiðingin hafi gengið illa fyrsta árið og það hefði ekki verið tekið upp aftur. Eitthvað er um að vinnuáætlun sé ekki notað. Margir eru beinlínis andvígir vinnuáætlun og finnst það ganga út á mínúttalningu af hálfu stjórnenda en ekki sé tekið tillit til þess tíma sem kennari telur sig þurfa til að ljúka verkefni. Aðrir telja að ýmislegt hafi vantað upp á í umhverfinu til að tryggja að vinnuáætlun væri framkvæmanlegt. Yfirlýsing stjórnenda í upphafi um að ekki yrði sett fjármagn í C þátt vinnuáætlunar er einnig tilgreind sem ástæða fyrir því að vinnuáætlun gekk ekki í framkvæmd eins og vonir stóðu til.

Þá kemur fram að sveigjanleikinn til mismunandi kennsluskyldu, 24 til 28 kennslustunda, er ekki nýttur nema í örfáum tilvikum. Þannig lítur hópur kennara svo á að sveigjanleikinn sem áður hafi fylgt starfinu sé horfinn og í staðinn hafi komið mínúttalning og minni tími til að undirbúa kennslu sem á þá til að færast yfir á kvöld og helgar. Kennarar kalla eftir þeim sveigjanleika sem þeir telja að hafi glatast til baka. Með þeirri aðgerð telja kennarar að ekki sé hægt að setja þá í tímafrek störf sem taka tíma frá undirbúningi en undirbúningurinn situr helst eftir þegar vinnudegi lýkur. Kennarar nefna að ákveðið álag felist í þeim aðstæðum að komast ekki yfir öll verkefni dagsins. Atriði er lúta að skertum/auknum sveigjanleika koma sem dæmi fram hjá 39,6% skóla.

Í gögnum 48 skóla eða 34,5% kemur fram að takmarka þurfi þátttöku skóla í utanaðkomandi verkefnum eða þróunarverkefnum. Vísbendingar eru um að mörg slík verkefni séu tímafrek viðbót við skólastarf. Það kallar á öðruvísi nálgun á verkefnum og vinnuframlagi sem bæði getur leitt til álags á skóla í heild sem og einstaka kennara.

Mál er lúta að aga innan skólakerfisins eru kennurum ofarlega í huga en 33,8% skóla koma inn á þetta atriði. Tíðrætt er um úrræðaleysi í agamálum og aukið agaleysi nemenda. Að mati skólanna/kennara þarf að taka fastar á agabrotum og fylgja skólareglum. Til að skapa betri umgjörð um þessi mál er talið mikilvægt að fræða aðila innan skólasamfélagsins og ræða/fræða um agastefnu og ábyrgð foreldra hvað varðar hegðun eigin barna. Sá þáttur sem veldur skólunum/kennurum einna mestu álagi eru samskipti og samstarf við foreldra og tengist það þá oftast en ekki úrvinnslu agamála, nemendum með sérþarfir og félagslegum örðugleikum. Þetta er sá þáttur sem flestir nefna sem einstaka álagsþáttur í kennarastarfinu. Foreldrasamskipti eru skólum afar mikilvæg en fram kemur að skýra verði línur varðandi hlutverk hvors aðila, kennara og foreldra. Í tilviki 31,7% skóla kemur fram að setja þurfi skýr viðmið um samskipti við foreldra.

Fram kemur að fækkun millistjórnenda og kennsluskylda yfirmanna veldur auknu álagi á kennara. Þar sem deildarstjórnir hefur verið fækkað leggjast verkefni sem tengjast skipulagi og/eða fundum og samskiptum vegna einstaklinga á herðar kennara. Þá kemur fram að fleira starfsfólk og starfsstéttir þurfi að koma inn í skólana. Hér er sem dæmi átt við deildarstjóra, fagstjóra og verkefnastjóra. Sama á við um skólaliða/gangaverði en fram kemur að fækkun skólaliða og gangavarða valdi því að kennarar sinni í auknum mæli nemendum utan kennslustofunnar, s.s. með almennri aðstoð og þegar greiða þarf úr árekstrum. Þetta eru verkefni sem geta tekið tíma og mikilvægt er að vinna með þau strax og þau koma upp.

Þá komu fram atriði af hálfu kennara eins og að mæta megi álagi með því að minnka kennsluskyldu og gera starf umsjónarkennara á yngsta stigi að fullu starfi. Markmiðið með þessum aðgerðum væri að rýmka tíma til undirbúnings og létta álagi, s.s. vegna annarra óskyldra starfa. Að mati kennara dregur aðgerð eins og að setja hámark á fjölda nemenda í bekkjardeildum/námshópum úr álagi og tryggir kennurum eðlilegan undirbúningstíma. Þá er tiltekið að finna þurfi lausn eða viðmið um hvað stórum hópi barna með greiningar kennari geti sinnt í almennum bekk eða námshóp. Gögnin sýna ótvírætt það mat kennara að með því að bregðast við ofangreindum þáttum megi almennt draga úr álagi í starfi.

TAFLA 1: Atriði tengd innra starfi	Fj.sk.	Hlf. skóla
Endurskoða fundaskipulag/Markvissari fundarstjórn	84	60,4%
Álag á kennara v. námsmats og aukinna skráninga	72	51,8%
Samstarf kennara og stjórnenda vegna vinnumats	57	41,0%
Aukinn sveigjanleiki á vinnutíma/Vinnumat	55	39,6%
Vinna með álag á kennara/Skilgreina	48	34,5%
Þátttaka í utanaðkomandi verkefnum/Þróunarverkefnum takmörkuð/stýrð	48	34,5%
Agamál/Aukið agaleysi nemenda/Taka fastar á agabr./Fylgja skólaregl./Fræða um agast.	47	33,8%
Viðmið um samskipti foreldra og skóla/Breyta fyrirkomulagi/Setja mörk	44	31,7%
Bæta upplýsingaflæði til starfsfólks	38	27,3%
Álag vegna veikinda starfsfólks/Þörf fyrir forfallakennslu	37	26,6%
Aukinn stjórnendakvóti/Fleiri millistjórnendur/Minni kennsluskyldu stjórnenda	36	25,9%
Upplýsa foreldra um ábyrgð sína	35	25,2%
Auka faglegt samstarf milli kennara og milli skóla/Fagstjóra í hverfið	34	24,5%
Meiri stuðning vegna vinnu við aðalnámsskrá o.fl.	33	23,7%
Vinnumat ekki verið framkvæmt/Flókið í framkvæmd/Ekki virkt/Innleiðing mistókst	31	22,3%
Nám og kennsla í forgangi/Innleiða og styrkja fjölbreytta kennsluhætti	31	22,3%
Gæta að starfsandanum/skólabrag/Bæta samskipti	26	18,7%
Skoða vinnumat og samræmi við kjarasamning/Kynna þetta betur	25	18,0%
Vinnumat jákvætt/Samtal til góðs/almenn sátt	23	16,5%
Breyta skipulagi teymisfunda/nefnda	23	16,5%
Skýra verkaskiptingu stjórnenda/hlutverk millistjórnenda/starfslýsingar	22	15,8%
Vinnustund/mikil skráning/á ekki við/virkar bara í aðra áttina	21	15,1%
Bæta móttöku nýrra kennara/Gera móttökuáætlun/Tryggja handleiðslu	20	14,4%
Fjöldi nemenda og samsetning nemendahópa/Setja hámark	16	11,5%
Hvatning og endurgjöf frá stjórnendum/Að stjórnendur séu sýnilegir	16	11,5%
Bæta skipulag á vetrarstarfi/stundatöflur o.fl.	15	10,8%
Virða kaffi- og matartíma kennara	14	10,1%
Takmarka fjölda uppbrotsdaga, þemadaga/Ferðalög/Festa uppbrotsdaga í skóladagatali	14	10,1%
Bæta upplýsingaflæði milli deilda/milli starfsfólks	14	10,1%
Bæta samskipti heimila og skóla/ bæta upplýsingaflæði/bæta heimasíðu	14	10,1%
Fækka teyimum/Endurskoða teymi/Greiða fyrir sérteymi/Þróunarverkefni	9	6,5%
Styrkja skólastjóra sem faglega leiðtoga	9	6,5%
Skýra stefnu skólans/sveitarfélagsins	9	6,5%
Tryggja aðgengi að stjórnanda/staðgengli	8	5,8%
Bæta samstarf stuðningsfulltrúa og kennara (fundir)	8	5,8%
Aukið samráð stjórnenda og kennara/bæta samskipti	8	5,8%
Skipulag og nýting starfsdaga	6	4,3%
Skimunum og prófum fækkað	5	3,6%
Aukið álag á stj. v. umsjónar húss og annarra verkefna/Skólastjóri í 100% stjórnunarstarf	5	3,6%
Mikil vinna að fylla út matslista vegna greininga	5	3,6%
Greiða fyrir alla viðveru með nemendum utan kennslu og aukafund/fundi	4	2,9%
Álag vegna starfsmannaveltu/Kulnunar í starfi	3	2,2%
Skýra boðleiðir til sveitarstjórnar	3	2,2%
Fylgja eftir ákvörðunum sem teknar eru á deildarfundum	1	0,7%
Kennarar leysi agamál, hver hjá sér	1	0,7%
Endurskoða verklag vegna eineltis	1	0,7%
Byggja upp traust milli kennara og yfirmanna skólamála	1	0,7%
Álag vegna fjölgunar leiðbeinenda	1	0,7%
Útbúa verklagsreglur um skráningu trúnaðarupplýsinga	1	0,7%
Sameiningin hefur veikt starf beggja skóla.	1	0,7%

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta er sá þáttur sem tilgreindur er einna oftast í gögnum sveitarfélaga og skóla. Í þessum efnispætti telja 54,7% skóla að skortur sé á sérfræðiráðgjöf, stuðningi og aðgengi að sérfræðingum. Að mati 54% skóla kemur fram að auka þurfi sértæk úrræði, styrkja viðbragðsáætlanir skóla vegna erfiðra nemenda, bæta skipulag sérkennslu og gera stoðþjónustu markvissari. Aukið aðgengi að sérfræðingum er talið geta stuðlað að því að draga úr álagi í störfum kennara. Þeir sérfræðingar sem tíðast eru nefndir eru sálfræðingar en fleiri starfsstéttir eru nefndar eins og þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar og náms- og starfsráðgjafar eru einnig taldir mjög mikilvægir fyrir skólastarfið. Aukið aðgengi að sérúrræðum, sérkennslu og nýbúakennslu eru einnig taldir mikilvægir þættir til að draga úr álagi.

Eins og fram hefur komið eru vísbendingar um að mikil aukning hafi orðið á aga-, félags- og hegðunarvanda nemenda. Það veldur miklu álagi í skólum og vantar sárlega stuðning og úrræði. Þá skortir úrræði og fræðslu vegna nemenda með alvarlegar fatlanir og greiningar. Kennarar eru almennt sammála um að stuðningur komi helst frá samkennurum og leita kennarar helst til nánustu samstarfsmanna í erfiðum aðstæðum. Um fjórðungur kennara telur sig fá stuðning frá stjórnendum, ýmist skólastjórum eða millistjórnendum, frá sérkennurum innan skólans, frá námsveri eða frá kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöð/ fræðsluskrifstofu þar sem það á við. Að mati kennara er brýnt að bjóða upp á handleiðslu fyrir kennara vegna hegðunar-/atferlisvanda nemenda og foreldrasamskipta.

TAFLA 2: Atriði tengd stoðþjónustu	Fj.sk.	Hlf. skóla
Sérfræðiráðgjöf og stuðningur inn í skólann/Aðgangur að sérfræðiþjónustu verði tryggður	76	54,7%
Auka sértæk úrræði/Viðbr.áætlun v.erfiðra nem./Bæta skipulag sérk./Markviss stoðþj.	75	54,0%
Auka sérkennsluvóta/Kynna úthlutun vegna stuðnings	32	23,0%
Stoðþjónusta við nýbúakennslu/móttaka/auka fjármagn	31	22,3%
Fleira starfsfólk/Vantar kennara/Gangavarsla	23	16,5%
Hjúkrunarfræðingur í skólann (lyfjagjöf)/Samstarf við heilsugæslu	20	14,4%
Handleiðsla fyrir kennara/stjórnendur	16	11,5%
Kennsluráðgjöfsérfræðiráðgjöf (inni á gólfi)	12	8,6%
Vantar stuðning vegna snemmtækra íhlutunar/einstaklingsmiðunar	9	6,5%
Námsráðgjafi í 100% stöðu/Skilgreina hlutverk námsráðgjafa	9	6,5%
Eftirfylgni í skóla og fyrir foreldra	8	5,8%
Vantar meiri tölvuumsjón	7	5,0%
Fleiri stuðningsfulltrúa	5	3,6%
Stytta bið eftir greiningum/Bugl	5	3,6%
Neyðaraðstoð verði tiltæk	4	2,9%
Vantar lausnir vegna nemenda með sértækan vanda	4	2,9%
Námskeið fyrir fjölskyldur nýbúa	2	1,4%
Sérdeildir sérskóla verði val	1	0,7%

Nám og kennsla

Tvö atriði eru tilgreind af 30% eða fleiri skólum undir flokknum nám og kennsla. Annars vegar tilgreina 44,6% skóla atriði eins og að minnka kennslu, auka undirbúning fyrir kennslu og að umsjón verði gerð að 100% starfi. Hins vegar tiltaka 30,2% að nemendahópar séu of stórir á yngsta stigi og í list- og verkgreinum og íþróttum. Þá er einnig nefnt að fjölga þurfi skiptitímum. Þessi atriði eru almennt tilgreind með að markmiði að mæta álagi og skapa rýmri tíma til undirbúnings. Í tilfalli umsjónarkennara á yngsta stigi er rætt um álag vegna annarra óskyldra starfa, s.s. í tilvikum þegar umsjónarkennarar uppfylla kennsluskyldu með kennslu námsgreinar á öðru aldurstigi. Önnur atriði sem nefnd eru sem dæmi eru samsetning nemendahópa, aldursblöndun og samkennsla. Að mati kennara dregur aðgerð eins og að setja hámark á fjölda nemenda í bekkjardeildum/námshópum úr álagi og tryggir kennurum umsaminn undirbúningstíma.

TAFLA 3: Atriði tengd námi og kennslu	Fj.sk.	Hlf. skóla
Minna kennslu/Meiri undirb. f. kennslu/ Skoða kennslusk/Umsjón verði 100% starf	62	44,6%
Of stórir nemendah. á yngsta stigi, í list-, verkgr. og íþróttum/Fjölga skiptitímum	42	30,2%
Taka tillit til samsetningar nemendahóps	26	18,7%
Aldursblöndun/Samkennsla árganga veldur álagi	15	10,8%
Efla kennslu í tölvu- og upplýsingamennt	9	6,5%
Fjármagn til þróunarverkefna	2	1,4%
Vantar tónlistarkennslu/Fjölbreyttari list- og verkgreinaframboð.	1	0,7%
Viðbótarstund fyrir 1.-4. bekk.	1	0,7%

Tækni og gögn

Áberandi er að það efnisatriði sem skorar hæst og 92 skólar, eða 66,2%, nefna tengist óánægju með aðbúnað, tæki og gögn. Fram kemur með skýrum hætti að bæta þurfi búnað skólanna. Hér er sem dæmi átt við tölvubúnað, bæði sem vinnu- og kennslutæki og annan tækjabúnað, s.s smarttöflur, skjávarpa o.fl. Þá eru einnig nefndar hægar eða lélegar nettengingar og úr sér gengin símkerfi. Þá nefna 59,7% skóla það sem greint er sem búnaður en þar er um að ræða sambærilegan búnað og þann sem nefndur er hér að framan.

Í kjölfar hrunsins 2008 var víða farin sú leið að draga umtalsvert úr fjármagni vegna ytri umgjörðar og áherslan var lögð á að halda lögbundinni kennslu í föstum skorðum. Á sama tíma eru samræmd próf orðin rafræn og meiri kröfur eru gerðar um tæknilæsi nemenda. Í ljósi framangreinds er afar mikilvægt að mati kennara að grípa sem fyrst til viðunandi úrbóta.

TAFLA 4: Atriði tengd tækni og gögnum	Fj.sk.	Hlf. skóla
Tæki/Tölvur/Nettenging/Símkerfi	92	66,2%
Búnaður	83	59,7%
Fjölbreytt námsgögn/Verkefnabankar/Gagnabankar	26	18,7%
Námsefnisgerð tímafrek/veldur álagi	3	2,2%
Tölvuumsjón inn í skólann	2	1,4%

Starfsþróun og símenntun

Atriði tengd starfsþróun og símenntun er oft tilgreind sérstaklega. Tíðnin hvað varðar að efla þurfi starfsþróun kennara er 18,7%. Starfsþróun er mikilvægur þáttur fyrir starf kennara sem hefur að þeirra mati umtalsverð áhrif á möguleika til að inna starfið af hendi, vinnutíma og fagmennsku. Efla þarf starfsþróun og auka framboð á símenntun, s.s. með tilliti til hlutverks skóla eða einstaka faggreina. Stuðningur og fræðsla er nefnd sem viðbragð við innleiðingu nýrra verkefna sem getur tengst endurmenntun kennara föstum böndum.

TAFLA 5: Atriði tengd starfsþróun	Fj.sk.	Hlf. skóla
Efla starfsþróun	26	18,7%
Símenntun á starfstíma skóla/Auka framboð símenntunar á svæðinu	17	12,2%
Símenntun/Samráð kennara	5	3,6%
Taka endurmenntun út úr kjarasamningi/skoða/ einfalda	3	2,2%
Símenntun inn í skólana greidd miðlægt	3	2,2%
Vantar námskeið tengd faggreinum	2	1,4%
Íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn/Bæta samskipti við erlenda starfsmenn	2	1,4%
Stuðningur og fræðsla fylgi nýjum verkefnum	1	0,7%

Húsnæði og vinnuaðstaða

Tilgreind atriði tengd húsnæði og vinnuaðstöðu eru nokkuð áberandi í umbótaáætlunum og lokaskýrslum sveitarfélaga. 53,2% skóla telur vera ríka þörf fyrir aukið og rýmra skólahúsnæði auk þess sem í einhverjum tilfellum þarf að breyta húsnæði til að mæta kröfum sem skólastarf nútímans gerir til húsnæðis. Bæta þarf að einhverju leyti hljóðvist, lýsingu, loftræstingu, hita, vatnskerfi og þríf að mati 48,9% skóla. Þá telja 43,2% að bæta þurfi húsbúnað og 34,5% nefna að bæta þurfi viðhald skólahúsnæðis. Í nokkrum skólum er talað um leka og myglu og dæmi eru um að fram hafi komið skýr ósk um byggingu nýs skólahúsnæðis. Þá er rétt að vekja athygli á atriðum sem tilgreind eru og tengjast notkun á skólahúsnæði, s.s. kennslustofum og opnum rýmum vegna annarrar starfsemi sem er á ábyrgð skóla eða ekki sem og útlána á skólahúsnæði til óskyldrar starfsemi. Samkvæmt því sem greint er frá hér að framan þarf víða að bæta vinnuaðstæður kennara hvað varðar húsgögn, tækjakost og námsgögn. Þá kemur fram umtalsverður aðstöðumunur milli eldra og yngra skólahúsnæðis. Víða þarf að breyta, lagfæra og bæta hljóðvist í húsum og víða vantar nettengingar sem og að bæta þær. Námsgögn og tæki vantar víða til kennslu í öllum námsgreinum.

TAFLA 6: Atriði tengd húsnæði og vinnuaðstöðu	Fj.sk.	Hlf. skóla
Breytingar á húsnæði /Vantar húsnæði/Þrengsli	74	53,2%
Hljóðvist/Lýsing/Loftræsting/Hiti/Vatn/Þríf	68	48,9%
Húsgögn	60	43,2%
Viðhald	48	34,5%
Bæta ástand á skólalóð	20	14,4%
Húsnæði fyrir frístund/Mönnun/Truflun vegna annarrar starfsemi	12	8,6%
Bæta fæði í skólanum/Nýtt mótuneyti	11	7,9%
Bætt salernisaðstaða	10	7,2%
Bókasafn/Auka þjónustu og safnkost	8	5,8%
Álag vegna opinna rýma	5	3,6%
Taka frístund út úr skólanum/Skoða nýtingu húsnæðis/Truflun af frístund	3	2,2%
Skólinn lánaður/Skoða útfra aðgengi og skilum	3	2,2%
Bæta umsjón og eftirlit skólahúsnæðis sem fellur á stjórnendur	1	0,7%

Annað

Í flokknum Annað eru tekin inn mikilvæg atriði sem tilgreind eru en eiga að mati samstarfsnefndar ekki heima undir hinum sex efnisatriðunum. Hér er um að ræða atriði eins og að fjármagna þurfi verkefni sem snúa að C þætti vinnumats og að skilgreina þurfi betur hvaða verkefni eiga að falla undir C þáttinn. Til að mæta þessu er sem dæmi bent á að setja mætti aftur inn pottflokka. Framangreind atriði eru nefnd í tilfelli 28,1% skóla.

Sama hlutfall, eða 28,1%, tilgreina mikið álag vegna verkefna sem komið hafa inn í skólana fyrir atbeina menntamálayfirvalda og þá án nægilegs stuðnings eða verkfæra til að styðjast við í innleiðingu þeirra. Þar má nefna að leiðbeiningar með námskrá hafa ekki borist og í kjölfar nýs námsmats er komin tímafrek og aukin skráning. Verkfærin til að halda utan um skráninguna, sem í flestum skólum er Mentor, kalla á mikinn tíma kennara við skráningu og utanumhald. Þar sem hvorugu verkefninu hefur verið fylgt nægjanlega eftir er þetta mikill álagsvaldur að mati kennara.

Önnur atriði sem koma fram snúa m.a. að hækkingu og jöfnun launa en þar er átt við að jafna þurfi laun mismunandi starfsheita og hækka grunnlaun, en það nefna 14,4%. Að mótuð verði jákvæð umræða um skólastarf og að skilningur verði aukinn á kennarastarfinu er nefnt af 11,5% skóla. Umræða um kennarastarfið er að mati kennara neikvæð og minni virðing er borin fyrir kennurum nú en áður tíðkaðist. Þá nefna 9,4% að henda eigi vinnumatinu út og 6,5% tilgreina að sérstök greiðsla þurfi að koma til list- og verkgreinakennara vegna starfa þeirra. Önnur atriði sem höfðu minna vægi eru: stytting vinnuvikunnar, endurskoðun árlegs vinnutíma kennara, aukinn sveigjanleiki við starfslok, lífeyrismál, stytting kennaranáms, raddheilsa og heilsufar, umferðaröryggi og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til reksturs skóla.

TAFLA 7: Annað	Fj.sk.	Hlf. skóla
Fjármagna C-lið/ath. hvað verkefni falla undir C-lið/ Setja inn pott	39	28,1%
Bætt upplýsingaflæði til skóla frá Menntamálastofnun/Ókláruð verkefni ofanfrá	39	28,1%
Hærri laun/jafna laun	20	14,4%
Auka jákvæða umræðu um skólastarf/Auka skilning á kennarastarfinu	16	11,5%
Henda vinnumatinu út	13	9,4%
Sérstök greiðsla til list- og verkgreinakennara	9	6,5%
Heilsurækt starfsmanna/Vernda raddheilsu	7	5,0%
Tryggja fjármagn til reksturs skóla	6	4,3%
Stytta vinnuvikuna	3	2,2%
Bæta umferðaröryggi	3	2,2%
Endurskoða vinnutíma kennara (árlegan)	2	1,4%
Aukinn sveigjanleiki við starfslok/Töpuð lífeyrisréttindi	2	1,4%
Ráða sviðsstjóra menntamála/Auka fjármagn til fræðsluskrifstofu	1	0,7%
Fá til baka réttindaskerðingar síðustu ára	1	0,7%
Stytta kennaranám	1	0,7%

Hluti II: Samantekt

Kennarar eru nokkuð sammála um að þegar starfið gengur vel finnst þeim gaman að kenna. Sérstaklega eru nefndar aðstæður í þessu samhengi þar sem þeir geta undirbúið sig vel og haft gott utanumhald í kennslustundum. Kennarastarfið er að mati kennara fjölbreytt en afar krefjandi. Jákvæð samvinna við samstarfsfólk, góðir vinnufélagar, samstarfsaðilar og góður starfsandi eru einnig nefndir sem kostir við starfið. Samskipti við nemendur er það sem gefur starfinu aukið gildi.

Í mörgum lokaskýrslum sveitarfélaga kemur fram að miklar breytingar hafi orðið í starfsumhverfi kennara á síðustu tveimur árum. Fækkun starfsfólks og millistjórnenda, lítið aðgengi að sérfræðingum, stærri nemendahópar og meiri breidd í nemendahópnum eru þættir sem margir nefna að hafi breyst. Menntastefnan skóli án aðgreiningar er að mati kennara áhrifavaldur sem hefur haft mótandi áhrif á skólastarf á undanförunum árum. Starfið hefur þannig þróast í þá átt að vera mannfrekara og flóknara en áður var. Menntastefnan er að mati kennara góð hugmyndafræði en áhöld eru um að fjármögnun grunnskólans eða bjargir í skólakerfinu séu þannig að framkvæmdin takist ekki eins og best verður á kosið. Sem dæmi hafi dregið úr fjármagni til sérkennslu og úrræðum hafi fækkað þrátt fyrir aukna tíðni á vanda nemenda.

Mikil fjölgun er í hópi nemenda af erlendum uppruna sem flust hafa til landsins undanfarin misseri. Íslenskum nemendum sem koma til landsins eftir að hafa dvalið erlendis í lengri tíma fjölgar einnig. Lítið er til af upplýsingum og námsefni fyrir þennan hóp en að mati kennara þarf að mæta honum með sértækum aðgerðum og stuðningi. Fram kemur að kennarar upplifa vanmátt þegar kemur að því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og takast á við agavandamál.

Aðrir stórir þættir sem kennarar nefna eru breytingar sem fylgt hafa nýrri aðalnámskrá og nýju námsmati, breytingar á Mentor og of mikil áhersla í skólaumhverfinu á skráningu og rafrænt utanumhald. Skráningar og breytingar á Mentor eru því orðnar tímafrekar og íþyngjandi og virðist sem kerfið sé í örri þróun þar sem kennarar eru í raun að prufukeyra kerfið. Loks tala margir kennarar um auknar kröfur foreldra um óheft aðgengi að kennurum. Tækninýjungum fylgja breytingar sem að mati kennara geta bæði aukið eða dregið úr álagi. Spjaldtölvuvæðing og smarttöflur hafa verið að ryðja sér til rúms í skólum sem kallar á nýja þekkingu og aukna fræðslu til kennara.

Þá eru einnig nefndar breytingar sem koma fram í kjölfar upptöku vinnumats en því var m.a. ætlað að ná utan um álag sem kennarar telja sig búa við í starfi. Að mati kennara snerist upptaka vinnumats í mörgum skólum upp í andhverfu sína og jók álagið frekar en hitt. -Kennarar telja almennt of mikla áherslu á að vera á starfsstað á vinnutíma. Þá telja þeir viðveru vera of langa sem kemur þá oftast niður á undirbúningstíma. Ljóst er að vinnumat var ekki innleitt í fjölda skóla og fram komu vísbendingar um að kennarar væru ekki vissir um hvort vinnumat hefði farið fram, þeir komu ekki auga á tilgang þess eða telja það of flókið. Kennarar eru almennt sammála um að þeir sinni vinnu sinni á meðan vinnumatið kallar á mínútutalningu. Við gerð vinnumats verður til neikvæður samanburður milli kennara sem hefur haft áhrif á starfsanda og samvinnu.

Sveitarfélögum var samkvæmt Vegvísi gert að skila tímasettri umbótaáætlun fyrir hvern skóla innan sveitarfélagsins. Í umbótaáætlunum kemur fram almennur vilji sveitarfélaga til að bæta úr fjölmörgum þeirra efnisatriða sem tilgreind eru og fjallað hefur verið um í samantektarkafli þessarar lokaskýrslu. Mörg sveitarfélög hafa sett sér það markmið að grípa strax til aðgerða út frá tímasettum umbótaáætlunum meðan önnur hafa ekki sett sér tímamörk eða eru að vinna málín áfram, s.s. í tengslum við fjárhagsáætlanagerð og framtíðarsýn í skólamálum.

Samningsaðilar eru sammála um að fylgja þessari vinnu eftir með athugun á því hvernig til hefur tekist með framkvæmd umbótaáætlana og hvaða árangri þær hafa skilað.

Flokkun	TAFLA 8: Heildarlisti atriða tengd vinnu við bókun 1	Hlf. skóla
Tækni og gögn	Tæki/Tölvur/Nettenging/Símkerfi	66,2%
Innra starf	Endurskoða fundaskipulag/Markvissari fundarstjórn	60,4%
Tækni og gögn	Búnaður	59,7%
Stoðþjónusta	Sérfræðiráðgjöf og stuðningur inn í skólann/Aðgangur að sérfræðiþjónustu verði tryggður	54,7%
Stoðþjónusta	Auka sértæk úrræði/Viðbr.áætlun v.erfiðra nem./Bæta skipulag sérk./Markviss stoðþj.	54,0%
Húsnæði	Breytingar á húsnæði /Vantar húsnæði/Þrengsli	53,2%
Innra starf	Álag á kennara v. námsmats og aukinna skráninga	51,8%
Húsnæði	Hljóðvist/Lýsing/Loftræsting/Hiti/Vatn/Þrif	48,9%
Nám og kennsla	Minnka kennslu/Meiri undirb. f. kennslu/ Skoða kennslusk/Umsjón verði 100% starf	44,6%
Húsnæði	Húsgögn	43,2%
Innra starf	Samstarf kennara og stjórnenda vegna vinnumats	41,0%
Innra starf	Aukinn sveigjanleiki á vinnutíma/Vinnumat	39,6%
Húsnæði	Viðhald	34,5%
Innra starf	Vinna með álag á kennara/Skilgreina	34,5%
Innra starf	Þátttaka í utanaðkomandi verkefnum/Þróunarverkefnum takmörkuð/stýrð	34,5%
Innra starf	Agamál/Aukið agaleysi nemenda/Taka fastar á agabr./Fylgja skólaregl./Fræða um agast.	33,8%
Innra starf	Viðmið um samskipti foreldra og skóla/Breyta fyrirkomulagi/Setja mörk	31,7%
Nám og kennsla	Of stórir nemendah. á yngsta stigi, í list-, verkgr. og íþróttum/Fjölga skiptitímum	30,2%
Annað	Fjármagna C lið/ath. hvað verkefni falla undir C-lið/ Setja inn pott	28,1%
Annað	Bætt upplýsingaflæði til skóla frá Menntamálastofnun/Óklárud verkefni ofanfrá	28,1%
Innra starf	Bæta upplýsingaflæði til starfsfólks	27,3%
Innra starf	Álag vegna veikinda starfsfólks/börf fyrir forfallakennslu	26,6%
Innra starf	Aukinn stjórnendakvóti/Fleiri millistjórnendur/Minni kennsluskyldu stjórnenda	25,9%
Innra starf	Upplýsa foreldra um ábyrgð sína	25,2%
Innra starf	Auka faglegt samstarf milli kennara og milli skóla/Fagstjóra í hverfið	24,5%
Innra starf	Meiri stuðning vegna vinnu við aðalnámsskrá o.fl.	23,7%
Stoðþjónusta	Auka sérkennslukvóta/Kynna úthlutun vegna stuðnings	23,0%
Innra starf	Vinnumat ekki verið framkvæmt/Flókið í framkvæmd/Ekki virkt/Innleiðing mistókst	22,3%
Innra starf	Nám og kennsla í forgangi/Innleiða og styrkja fjölbreytta kennsluhætti	22,3%
Stoðþjónusta	Stoðþjónusta við nýbúakennslu/móttaka/auka fjármagn	22,3%
Innra starf	Gæta að starfsandanum/skólabrag/Bæta samskipti	18,7%
Nám og kennsla	Taka tillit til samsetningar nemendahóps	18,7%
Starfsþróun	Efla starfsþróun	18,7%
Tækni og gögn	Fjölbreytt námsgögn/Verkefnabankar/Gagnabankar	18,7%
Innra starf	Skoða vinnumat og samræmi við kjarasamning/Kynna þetta betur	18,0%
Innra starf	Vinnumat jákvætt/Samtal til góðs/almenn sátt	16,5%
Innra starf	Breyta skipulagi teymisfunda/nefnda	16,5%
Stoðþjónusta	Fleira starfsfólk/Vantar kennara/Gangavarsla	16,5%
Innra starf	Skýra verkaskiptingu stjórnenda/hlutverk millistjórnenda/starfslýsingar	15,8%
Innra starf	Vinnustund/mikil skráning/á ekki við/virkar bara í aðra áttina	15,1%
Annað	Hærri laun/jafna laun	14,4%
Húsnæði	Bæta ástand á skólalóð	14,4%
Innra starf	Bæta móttöku nýrra kennara/Gera móttökuáætlun/Tryggja handleiðslu	14,4%
Stoðþjónusta	Hjúkrunarfræðingur í skólann (lyfjagjöf)/Samstarf við heilsugæslu	14,4%
Starfsþróun	Símenntun á starfstíma skóla/Auka framboð símenntunar á svæðinu	12,2%
Annað	Auka jákvæða umræðu um skólastarf/Auka skilning á kennarastarfinu	11,5%
Innra starf	Fjöldi nemenda og samsetning nemendahópa/Setja hámark	11,5%
Innra starf	Hvatning og endurgjöf frá stjórnendum/Að stjórnendur séu sýnilegir	11,5%
Stoðþjónusta	Handleiðsla fyrir kennara/stjórnendur	11,5%
Innra starf	Bæta skipulag á vetrarstarfi/stundatöflur o.fl.	10,8%
Nám og kennsla	Aldursblöndun/Samkennsla árganga veldur álagi	10,8%
Innra starf	Virða kaffi- og matartíma kennara	10,1%
Innra starf	Takmarka fjölda uppbrotsdaga, þemadaga/Ferðalög/Festa uppbrotsdaga í skóladagatali	10,1%
Innra starf	Bæta upplýsingaflæði milli deilda/milli starfsfólks	10,1%
Innra starf	Bæta samskipti heimila og skóla/ bæta upplýsingaflæði/bæta heimasíðu	10,1%

Flokkun	TAFLA 8: Heildarlisti atriða tengd vinnu við bókun 1 - framhald	Hlf. skóla
Annað	Henda vinnumatinu út	9,4%
Húsnæði	Húsnæði fyrir frístund/Mönnun/Truflun vegna annarrar starfsemi	8,6%
Stoðþjónusta	Kennsluráðgjöfsérfræðiráðgjöf (inni á gólf)	8,6%
Húsnæði	Bæta fæði í skólanum/Nýtt mötuneyti	7,9%
Húsnæði	Bætt salernisaðstaða	7,2%
Annað	Sérstök greiðsla til list- og verkgreinakennara	6,5%
Innra starf	Fækka teyllum/Endurskoða teymi/Greiða fyrir sérteymi/þróunarverkefni	6,5%
Innra starf	Styrkja skólastjóra sem faglega leiðtoga	6,5%
Innra starf	Skýra stefnu skólans/sveitarfélagsins	6,5%
Nám og kennsla	Efla kennslu í tölvu- og upplýsingamennt	6,5%
Stoðþjónusta	Vantar stuðning vegna snemmtæktrar íhlutunar/einstaklingsmiðunar	6,5%
Stoðþjónusta	Námsráðgjafi í 100% stöðu/Skilgreina hlutverk námsráðgjafa	6,5%
Húsnæði	Bókasafn/Auka þjónustu og safnkost	5,8%
Innra starf	Tryggja aðgengi að stjórnanda/staðgengli	5,8%
Innra starf	Bæta samstarf stuðningsfulltrúa og kennara (fundir)	5,8%
Innra starf	Aukið samráð stjórnenda og kennara/bæta samskipti	5,8%
Stoðþjónusta	Eftirfylgni í skóla og fyrir foreldra	5,8%
Annað	Heilsurækt starfsmanna/Vernda raddheilsu	5,0%
Stoðþjónusta	Vantar meiri tölvuumsjón	5,0%
Annað	Tryggja fjármagn til reksturs skóla	4,3%
Innra starf	Skipulag og nýting starfsdaga	4,3%
Húsnæði	Álag vegna opinna rýma	3,6%
Innra starf	Skimunum og prófum fækkað	3,6%
Innra starf	Aukið álag á stj. v. umsjónar húss og annarra verkefna/Skólastjóri í 100% stjórnunarstarf	3,6%
Innra starf	Mikil vinna að fylla út matslista vegna greininga	3,6%
Starfsþróun	Símenntun/Samráð kennara	3,6%
Stoðþjónusta	Fleiri stuðningsfulltrúa	3,6%
Stoðþjónusta	Stytta bið eftir greiningum/Bugl	3,6%
Innra starf	Greiða fyrir alla viðveru með nemendum utan kennslu og aukafund/fundi	2,9%
Stoðþjónusta	Neyðaraðstoð verði tiltæk	2,9%
Stoðþjónusta	Vantar lausnir vegna nemenda með sértækan vanda	2,9%
Annað	Stytta vinnuvikuna	2,2%
Annað	Bæta umferðaröryggi	2,2%
Húsnæði	Taka frístund út úr skólanum/Skoða nýtingu húsnæðis/Truflun af frístund	2,2%
Húsnæði	Skólinn lánaður/Skoða útfra aðgengi og skilum	2,2%
Innra starf	Álag vegna starfsmannaveltu/Kulnunar í starfi	2,2%
Innra starf	Skýra boðleiðir til sveitarstjórnar	2,2%
Starfsþróun	Taka endurmenntun út úr kjarasamningi/skoða/ einfalda	2,2%
Starfsþróun	Símenntun inn í skólana greidd miðlægt	2,2%
Tækni og gögn	Námsefnisgerð tímafrek/veldur álagi	2,2%
Annað	Endurskoða vinnutíma kennara (árlegan)	1,4%
Annað	Aukinn sveigjanleiki við starfslok/Töpuð lífeyrisréttindi	1,4%
Nám og kennsla	Fjármagn til þróunarverkefna	1,4%
Starfsþróun	Vantar námskeið tengd faggreinum	1,4%
Starfsþróun	Íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn/Bæta samskipti við erlenda starfsmenn	1,4%
Stoðþjónusta	Námskeið fyrir fjölskyldur nýbúa	1,4%
Tækni og gögn	Tölvuumsjón inn í skólann	1,4%
Annað	Ráða sviðsstjóra menntamála/Auka fjármagn til fræðsluskrifstofu	0,7%
Annað	Fá til baka réttindaskerðingar síðustu ára	0,7%
Annað	Stytta kennaranám	0,7%
Húsnæði	Bæta umsjón og eftirlit skólahúsnæðis sem fellur á stjórnendur	0,7%
Innra starf	Fylgja eftir ákvörðunum sem teknar eru á deildarfundum	0,7%
Innra starf	Kennarar leysi agamál, hver hjá sér	0,7%
Innra starf	Endurskoða verklag vegna eineltis	0,7%
Innra starf	Byggja upp traust milli kennara og yfirmanna skólamála	0,7%
Innra starf	Álag vegna fjölgunar leiðbeinenda	0,7%
Innra starf	Útbúa verklagsreglur um skráningu trúnaðarupplýsinga	0,7%
Innra starf	Sameiningin hefur veikt starf beggja skóla.	0,7%
Nám og kennsla	Vantar tónlistarkennslu/Fjölbreyttari list- og verkgreinaframboð.	0,7%
Nám og kennsla	Viðbótarstund fyrir 1.-4. bekk.	0,7%
Starfsþróun	Stuðningur og fræðsla fylgi nýjum verkefnum	0,7%
Stoðþjónusta	Sérdeildir sérskóla verði val	0,7%